

### Gamla Bíó:

#### Edith Piaf

Sem kunnugt er hefur Leikfélag Akureyrar lagt land undir fót og sýnir í Reykjavík söngleikinn „Edith Piaf“ í samvinnu við Hitt leikhúsið. Sýningar eru í Gamla Bíói. Um helgina verða þrjár sýningar á Piaf. Sýningarnar verða á föstudag, laugardag og sunnudag kl. 20.30.

Með helstu hlutverk í söngleikum fara Edda Þórarinsdóttir, Sunna Borg, Þráinn Karlsson og Theodór Júlíusson. Leikstjóri er Sigurður Pálsson, Ástrós Gunnarsdóttir samdi dansana, Roar Kvam stjórnar hljómsveitinni og Viðar Garðarsson og Guðný Björk Richards sáu um leikmynd og ljós.

mannsins er opinn sömu daga frá klukkan 11.00 til 17.00.

### Ásmundarsafn:

#### Konan í list Ásmundar

Nú stendur yfir í Ásmundarsafni

við Sigtún sýning sem nefnist Konan í list Ásmundar Sveinssonar. Er hér um að ræða myndefni sem tekur yfir mest allan listferil Ásmundar og birtist í fjölbreytilegum útfærslum.

Sýningunni er skipt í fjórar einingar sem sýndar eru í fjórum sölum safnsins: „Kona og barn“ uppi í Kúlunni, „Kona og karl“ niðri í Kúlunni, „Kona við vinnu“ í Pýramíðunum og „Kona sem tákn“ í Skemmuni.

Safnið er opið alla daga frá kl. 10.00—17.00

### Kjarvalsstaðir:

#### Elías B. Halldórsson

Um síðustu helgi opnaði Elías B. Halldórsson sýningu á tæplega níutíu olíumálverkum í vestursal Kjarvalsstaða.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 14.00—22.00 og lýkur 7. júlí.

### SÖFN

#### Árbæjarsafn:

Sumarsýning Árbæjarsafns var opnuð um síðustu helgi. Hér er um að ræða farandsýningu frá þjóðminjasafni Grænlandinga í Nuuk. Sýndir eru grænlenku bátarnir qajaq og umiaq.

Sýningin er opin á opnunartíma safnsins sem er frá 13.30 til 18.00 alla daga.

### Sædýrasafnið:

#### Dýrin stór og smá

Sædýrasafnið verður opið um helgina, eins og alla daga, frá kl. 10.00—19.00

Meðal þess sem er til sýnis eru háhyrningar, ljón, ísbjörn, apar, kindur og fjöldi annarra dýra, stórra og smárra.

### TÓNLIST

#### Samkomur:

#### Hótel Borg

Orator með dansleiki. Hótel Borg hefur tekið stakka-skiptum og hefjast nú aftur dansleikir á vegum Orators. Bryddað verður upp á ýmsum nýjungum, en andi síðastliðins vetrar mun svífa yfir vötnum.

### Gallerí Salurinn:

#### Fimm grafíklistamenn

Í gær fimmtudag opnuðu fimm ungir myndlistarmenn samsýningu í Gallerí Salnum við Vesturgötu 3. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa útskrifað úr grafíkdeild MÍH á liðnu vori. Grafíklistamennirnir eru: Anna Líndal, Guðný Björk, Magnús Þór, Margrét Birgis og Sigrún Ögm. Sýningin stendur til 17. júlí og er opin frá kl. 13.00—18.00 alla daga nema mánudaga. Á fimmtudögum er opið frá kl. 13.00—22.00.

### Pöbb-Inn:

#### Hljómsveitin ROCK-ÓLA

Hljómsveitin ROCK-ÓLA leikur fimm daga vikunnar á Pöbb-Inn, Hverfisgötu 46, þ.e.a.s. frá miðviku-degi til sunnudags. Meðlimir hljómsveitarinnar eru Ágúst Ragnarsson, Bobby Harrisson, Pálmi Sigurhjártarson og Rafn Sigurbjörnsson.

### FERDIR

#### Ferðafélag Íslands:

Lagt verður upp í Helgarferðir í Þórsmörk og Dalasýslu nú í kvöld.

Gengið verður á Heklu á morgun, laugardag. Lagt verður af stað kl. 20.00.


Ferðafélagið gengst loks fyrir tveim ferðum á sunnudaginn. Farið verður í gönguferð eftir hinni fornu þjóðleið milli Botnsdals og Skorradals. Sú ferð hefst kl. 10.00. Ennfremur verður farið í ökuferð um Skorradal og lagt af stað kl. 13.00.

Gönguferð verður farin eftir hinni gömlu þjóðleið milli Botnsdals og Skorradals og hefst ferðin kl. 10.00.

### Þingvellir:

#### Fyrirgreiðsla við ferðafólk.

Í sumar verður farið í skipulagðar gönguferðir á vegum Þjóðgarðsins og verður leiðsögumaður hafður með í för. Gönguferðirnar verða með þeim hætti að á föstudögum og laugardögum kl. 13.00 verður farið í svokallaða Skógarkotsgöngu. Föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 16.30 verður farin svonefnd Lögbergsganga; lagt af stað frá Flosagjá og gengið um þinghelgina.



### Ferðir:

#### Sápa í Geysi

Geysisnefnd hefur ákveðið að setja sápu í Geysi laugardaginn 29. júní kl. 15.00 og má gera ráð fyrir gosi nokkru síðar, ef veðurskilyrði verða hagstæð.

(Fréttatilkynning)



### Akureyri:

#### Thor í Laxdalshúsi

Nú stendur yfir í Laxdalshúsi á Akureyri sýning á málverkum Thors Vilhjálmssonar rithöfundar. Sýningin var opnuð í tengslum við bókmenntakynningu á verkum Thors. Sýningunni lýkur 5. júlí nk.